

Reykjavík, 15. október 2020  
UST202001-180/F.P.  
09.03

**Efni: Tillaga að endurskoðun friðlýsingar Flateyjar á Breiðafirði lögð fram til kynningar**

Umhverfisstofnun ásamt umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, sveitarfélaginu Reykhólahreppi og landeigendum hefur unnið tillögu að endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar á Breiðafirði. Tillagan er nú lögð fram til kynningar í samræmi við 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Tillöguna að friðlýsingarskilmálum fyrir friðland í Flatey ásamt tillögu að hnitsettum mörkum fyrir svæðið er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni: <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/flatey-a-breidafirdi/>

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með 6. janúar 2021. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem tillöguna er að finna, með tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umhverfisstofnun veur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnarsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé þess óskað í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veitir Freyja Pétursdóttir ([frejap@ust.is](mailto:frejap@ust.is)) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst



Freyja Pétursdóttir  
sérfræðingur



Edda Kristín Eiríksdóttir  
sérfræðingur